



# Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla

2015

Forsíðumyndin er úr myndasafni Ingrid Hansen (1884-1960) sem var barnfóstra hjá Popp fjölskyldunni á Sauðárkróki 1905-1912 en myndasafnið ásamt fleiri skjölum var afhent safninu sumarið 2015.

Ljósmyndir í skýrslu þessari koma frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga eða starfsmönnum þess.

Texti: Sólborg Una Pálsdóttir

© Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Sauðárkrókur, 2016.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Almenn starfssemi.....	4
Fyrirspurnir og þjónusta.....	4
Millisafnalán.....	6
Miðlun.....	7
Netmiðlun.....	7
Fyrirlestrar.....	7
Heimildabættir.....	8
Eftirlit og ráðgjöf.....	8
Afhendingar 2015.....	9
Söfnun á skjölum kvenna.....	11
Skráningarmál.....	11
Skráning á safnkosti.....	11
Samstarfsverkefni, fræðsla og heimsóknir.....	13
Ljósmyndaverkefnið.....	13
Úr tímans ranni.....	13
Héraðsskjalaverðir funda.....	13
Minjasafnið á Akureyri heimsótt.....	14
Geymsluskoðunarferðir.....	14
Námskeið um varðveislu og forvörslu ljósmynda.....	14

## Formáli



Haustið 2015 var Safnahúsið aftur opnað eftir breytingar. Starfsmenn Safnahússins sýndu verkefninu ótrúlega þolinmæli, klöngruðust yfir verkfæri, sátu í rykmekki, einbeittir á svip fyrir framan tölvurnar þrátt fyrir hávaða af sögum, hamarshöggum og borvélum eins og fylgir framkvæmdum af þessari stærðargráðu. 31. október 2015 var langþráð stund runnin upp þegar Safnahúsið var aftur formlega opnað. Inngangurinn og bókasafnið (bókasalur) hefur fengið mikla upplýftingu en aðstaða héraðsskjalasafnsins er enn ókláruð.



Það er ekkert leyndarmál að héraðsskjalavörður hefði kosið aðra forgangsröðun því geymslur skjalasafnsins eru sprungnar. Heldur þrengdi að skjalasafninu í kjölfar breytinganna. Bæði voru byggðasöguritarar fluttir niður í aðstöðurými skjalasafnsins og það rými sem skjalasafnið hafði í kjallaranum fór undir rými fyrir lyftu og loftræstingu. Brugðið var á það ráð að flytja hluta safnkostsins í salinn svokallaða sem notaður hefur verið undir lista- og ljósmyndasýningar. Salur þessi er þó engan veginn til þess fallinn í dag og uppfyllir alls ekki þær kröfur sem Þjóðskjalasafnið setur um skjalageymslur. Bregðast verður við þessum vanda strax sem og bæta aðstöðu starfsmanna og gesta skjalasafnsins. Sveitarfélagið hefur í hyggju að setja af stað vinnuhóp sem á að marka heildræna stefnu í málum safna á svæðinu. Vonandi mun sá hópur koma með einhverjar lausnir því það er afar brýnt ef við viljum halda áfram að reka eitt stærsta og öflugasta héraðsskjalasafn á landinu.

Glöggir lesendur taka eftir mikilli aukningu á tölfræðilegum upplýsingum í ársskýrslu Héraðsskjala-safns Skagfirðinga en þetta er viðleitni við að verða við beiðni Þjóðskjalasafns Íslands og Félags héraðsskjalavarda um söfnun slíkra upplýsinga.


## Almenn starfssemi

Á árinu voru fastir starfsmenn safnsins þrír í tveimur og hálfu stöðugildum. Helsta breyting frá árinu áður var að Sigrún Fossberg Arnardóttir er nú fastur starfsmaður (50% stöðugildi) hjá Héraðsskjalasafninu en var áður við skráningu ljósmynda hjá Ljósmyndasafninu. Auk Sigrúnar vinna nú á safninu, sem fyrr, Gísli Þór Ólafsson skjalavörður (100% stöðugildi) og Sólborg Una Pálsdóttir héraðsskjalavörður (100% stöðugildi). Björn Eggert Rósuson hefur verið í starfsnámi hjá okkur og aðallega sinnt skönnun ljósmynda. Starfssvæði safnsins nær yfir Skagafjörð, þ.e. sveitarfélögin Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð. Forstöðumaður héraðsskjalasafns hefur einnig umsjón með Listasafni Skagfirðinga. Safnið er opið alla virka daga frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.




## Fyrirspurnir og þjónusta


Fjöldi fyrirspurna sem beindist að safnkosti skjalasafnsins voru 325 árið 2015 sem þýðir fækkun frá árinu áður. Spurning hvort aðgengismál hafi haft eitthvað um það að segja en framkvæmdir í húsinu stóðu fram á haust.



1. janúar 2015 tók skjalasafnið upp nákvæma skráningu á fyrirspurnum sem berast safninu. Nú getum við betur greint hvað fólk er að leita eftir, hvaðan fyrirspurnirnar eru að koma og í hvaða formi. Þessi greining getur hjálpað okkur við að bæta þjónustu okkar. Nákvæmari skráning á fyrirspurnum gæti líka haft eitthvað að segja um fjölda fyrirspurna því nú eru einungis skráðar fyrirspurnir sem fjalla um safnið og safnkost þess.




Stærsti hluti fyrirspurnanna tengjast því hvort við séum með tiltekin skjöl og hvort sé hægt að fá afrit af þeim (35%) og svo fyrirspurnir um ljósmyndir (32%). Í sumum tilvikum hafa menn óljósa hugmynd um að hverju er verið að leita, meira verið að spyrja hvort við eigum einhverjar heimildir sem fjalla um tiltekið efni (10%).



56% fyrirspurna eru lagðar fram af fólki sem kemur á staðinn. Ætti kannski ekki að koma á óvart þar fólk vill oftast meta sjálft hvort skjölin séu að koma þeim að gagni í þeirra rannsóknarvinnu. Þetta er



vert að hafa í huga þegar horft er til aðstöðunnar á safninu, **við verðum að gera fólki kleift að geta sest niður og unnið sína rannsóknarvinnu við sómasamlegar aðstæður**. Næst koma svo fyrirspurnir í gegnum tölvupóst (26%) en líklega mun þessi leið verða „fjölfarnari“ eftir því sem upplýsingar um safnkost okkar verða aðgengilegri á netinu.



Langstærsti hluti þeirra sem leggja fram fyrirspurnir eru einstaklingar og félagasamtök (74%). Auðvitað getur verið að hluti þeirra einstaklinga sem koma með fyrirspurnir til safnsins séu að vinna fyrir fyrirtæki eða opinberar stofnanir án þess að við höfum vitneskju um það en í megindráttum virðist það vera mikið til einstaklingar og félagasamtök sem eru að leita að gögnum í safninu.

Meirihluti þeirra sem leita til safnsins koma frá svæðinu sjálfu (Skagafirði) eða um 61%. Meirihluti þeirra sem leita til safnsins eru karlar eða 65%. Það má alveg spyrja að því hvort rétt sé að aðgreina fyrirspurnir eftir kyni fyrirspyrjanda, alla vega ætti það kannski einungis að eiga við um einstaklinganna en ekki opinbera aðila eða fyrirtæki.

### Millisafnalán

Nokkuð var tekið til í millisafnalánum á árinu 2015. Gert var átak í að kalla inn gögn sem höfðu verið í millisafnaláni í langan tíma, jafnvel í nokkur ár. Einnig var gert átak í að skila af sér gögnum. Þá var tekin upp nákvæmari skráning á millisafnalánum svo hægt sé að fylgjast betur með stöðu þeirra mála.

Staða millisafnalána 2015	
	Skjalaeiningar
Skilað inn til HSk	8
Lánað út frá HSk	3
Fengið að láni í gegnum HSk	12
Skilað í gegnum HSk	16

## Miðlun

### Netmiðlun

Fjöldi gesta á heimasíðu safnsins voru tæp 2000 með tæpar 3700 heimsóknir. Greinilegur munur er á heimsóknum eftir mánuðum. Flestar heimsóknir voru á tímabili janúar til maí. Yfirgnæfandi meirihluti heimasókna koma frá Íslandi sem á ekki að koma á óvart þar sem efni síðunnar er allt á íslensku. Heimasíðunni hefur ekki verið mikið sinnt en svo virðist sem fylgst sé með henni

Fésbókarsíða Héraðsskjalasafnsins er með stigvaxandi fylgi. 30. desember 2015 var fésbókarsíða safnsins komin 863 likes. Til samanburðar er fésbókarsíða Þjóðskjalasafns Íslands með um 2500 likes svo við megum líklega vel við una en viljum gjarnan ná 1000 likes á árinu 2016.

### Fyrirlestrar



Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna héldu starfsmenn safnsins nokkra fyrirlestra:

**1. febrúar 2015** flutti Sigrún Fossberg fyrirlestur Sólborgar Unu Pálsdóttur, *Raddir kvenna í upphafi aldar*, á afmælishátíð á vegum kvenfélaganna í Skagafirði. Okkur á héraðsskjalasafninu langaði til að sjá hvaða efni safnið hefði að geyma sem varpað gæti ljósi á viðhorfi kvenna til kosningaréttar eða almennri jafnréttisbaráttu um það leyti sem konur hluti kosningarétt eða um aldamótin 1900.

**23. mars 2015** fluttu Sigrún Fossberg og Sólborg Una Pálsdóttir sama fyrirlestur fyrir húnverskar kvenfélagskonur.

**30. september 2015** flutti Sólborg Una Pálsdóttir fyrirlesturinn „Hugleiðing um sjálfstæði, réttindabaráttu og vefstóla“ á málþingi um Jóhönnu Jóhannesdóttur frá Svínavatni sem haldin var á Blönduósi.

Þess fyrir utan héldu Sigrún Fossberg og Sólborg Una Pálsdóttir kynningu um ljósmyndasafnið fyrir Félag eldri borgara í Skagafirði. Sólborg Una Pálsdóttir hélt svo fyrirlestur á fundi Héraðsskjalavarða á Húsavík 1.-2. október 2015 um nýja skráningarkerfið sem safnið hefur tekið í notkun.



## Heimildarþættir

Héraðsskjalasafnið kom að gerð tveggja heimildarþátta, annars vegar heimildarþátt N4 um elsta kvenfélag landsins, Kvenfélag Rípuhrepps (<http://www.n4.is/is/taettir/file/kvenfelag-ripuhrepps-elsta-kvenfelag-landsins> ). Hins vegar heimildarþátt Saga film sem bar heitið „Í upphafi var kvenfélag 1867“ og var hluti af þáttaröðinni Öldin hennar sem sýnd var á RUV í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna (<https://www.youtube.com/watch?v=zKK9FTZlos4> ).

## Eftirlit og ráðgjöf

Héraðsskjalasafnið ber að hafa eftirlit og veita ráðgjöf varðandi skil og varðveislu á opinberum gögnum í Skagafirði. Í því skyni að hafa eitthvað yfirlit yfir stöðu mála var send út rafræn könnun til 16 aðila. Við gerð könnunnar var ljóst að það er ekki skýrt innan svæðisins hver telst vera skilaskyldur aðili, þ.e.a.s. sumir líta á yfirstjórnina í ráðhúsinu sem þann aðila sem ber ábyrgð á skjalasöfnunum. Ástæðuna má finna í því að sumir eru titlaðir forstöðumenn einhvers málaflokks en sinna jafnframt einhverjum öðrum störfum innan ráðhússins. Þá var rafræna skjalastjórnunarkerfið þannig sett upp að ætla mætti að öll ábyrgð lægi hjá yfirstjórn sveitarfélagsins, þ.e. einn málalykill er fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð og undirstofnanir þess. Sjö af sextán svöruðu könnuninni. Sumir þeirra sem ekki svöruðu könnuninni voru einmitt í þeirri stöðu að vinna í ráðhúsinu og hafa fleiri en einn málaflokk á sinni könnu.


- Fyrsta verk verður að setjast niður með fulltrúum sveitarfélaganna og ákveða hvaða undirstofnanir skuli flokkast sem sjálfstæðir skjalamyndarar.
- Næsta skref er að fara yfir málalykla og skjalavistunaráætlanir fyrir hvern skjalamyndara fyrir sig. Nú þegar er hafin vinna við málalykla og skjalavistunaráætlun leikskólanna. Segja má að verkefnalok strandi á því að finna lausn fyrir rafrænu skjalastjórnunina.




## Afhendingar 2015

Afhendingarnr.	Lýsing	Tegund	Umfang
2015:1	Pétur Pétursson Sauðárkróki, ljósmyndir	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:2	Helgi Dagur Gunnarsson, ljósmyndir	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:3	Pétur Jóhannsson, skjalasafn. Margrét Pétursdóttir afhenti	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:4	Klemens Guðmundsson, skjalasafn. Kolbeinn Erlendsson afhenti	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:5	Magnús Kr. Gíslason, skjalasafn, Kristín Sigurmonsdóttir afhenti	Einkaskjalasafn	0,23 hm
2015:6	Kristín Sigurbjörg Ögmundsdóttir, skjalasafn	Einkaskjalasafn	0,32 hm
2015:7	Þórunn Sigurðardóttir, skjalasafn. Sigurjón Páll Ísaksson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:8	Leikfélag Sauðárkróks, skjalasafn. Jón Viðar Jónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:9	Bjarni Haraldsson kaupmaður Sauðárkróki, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:10	Sigurgeir Snæbjörnsson, mynddiskur. Sigrún Fossberg afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:11	Hið Skagfirska kvenfélag, skjalasafn. Kvenfélag Sauðárkróks afhenti	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:12	Ásdís Vilhelmsdóttir, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:13	Erlendur Hansen, skjalasafn. Friðrik Hansen, skjalasafn. Sigurður Hansen afhenti.	Einkaskjalasafn	0,8 hm
2015:14	Guðmundur Valdimarsson, ljósmyndir. Guðlaug Guðmundsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:15	Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga, skjalasafn. Helga Daníelsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	1 hm
2015:16	Jónas Sigurjónsson, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:17	Sigurbjörg Gunnarsdóttir, skjalasafn. Magnús Gunnarsson, skjalasafn. Magnús Árnason, skjalasafn. Lilja Þórarinsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,24 hm
2015:18	Ingrid Hansen: skjalasafn. Henne Hendil afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:19	UMF Neisti, skjalasafn. Sigrún Fossberg afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:20	Hulda Sigurbjörnsdóttir, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:21	Sæmundur Dúason, skjalasafn. Sigursveinn Magnússon afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:22	Haganeshreppur: skjalasafn	Opinbert skjalasafn	1 hm
2015:23	Skógræktarfélag Skagfirðinga, skjalasafn. Málfundarfélag Hólaskóla, skjalasafn. Hestamannafélagið Hreinn, skjalasafn. Íþróttafélag Hólaskóla. Jón Bjarnason afhenti.	Einkaskjalasafn	0,32 hm
2015:24	Sigurlaug G. Gunnarsdóttir, skjalasafn. Garðar Víðir Guðjónsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:25	Hjalti Pálsson, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,8 hm
2015:26	Sigurður Einarsson, skjalasafn. Hjalti Pálsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,16 hm
2015:27	UMSS, ljósmyndir. Sigurjón Leifsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,8 hm

2015:28	Sóknarnefnd Mælifellssóknar, skjalasafn. Sr. Ólafur P. Hallgrímsson, afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:29	Skagfirska söngsveitin, ljósmyndir. Helga R. Einarsdóttir afhenti..	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:30	Verslun H. Júlíussonar, skjalasafn. Bjarni Haraldsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,32 hm
2015:31	Ása Sigríður Helgadóttir, skjalasafn. Herdís Sæmundsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:32	Kristbjörg Bjarnadóttir, skjalasafn. Guðný Axelsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,16 hm
2015:33	Hannes Pétursson, skjalasafn.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:34	Óskar Konráðsson, skjalasafn	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:35	Umf. Staðarhrepps (Umf. Æskan). Ingibjörg Sigurðardóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:36	Árni Blöndal, skjalasafn	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:37	Jón Nikódemusson, skjalasafn. Gunnar Gunnarsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:38	Samband skagfirskra kvenna, skjalasafn. Helga Bjarnadóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:39	Erlendur Hansen, skjalasafn. Jóhanna Bárðardóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,20 hm
2015:40	Steinunn Runólfsdóttir, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:41	Þórunn Ólafsdóttir, skjalasafn. Hjalti Pálsson afhenti.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:42	Árni Blöndal, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,08 hm
2015:43	Margrét Ingibjörg Björnsdóttir, ljósmyndir.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:44	Sveinn Sigfússon, mynddiskur.	Einkaskjalasafn	0,04 hm
2015:45	Björgunarsveit Skagfirðingasveit, skjalasafn. Slysavarnardeild Skagfirðingasveit, skjalasafn. Ingimundur Ingvarsson afhenti	Einkaskjalasafn	0,64 hm
2015:46	Kvenfélagið Framtíð, skjalasafn. Guðrún Hanna Halldórsdóttir afhenti.	Einkaskjalasafn	0,8 hm



Samtals gera þetta 9, 71 hillumetri sem er nokkur aukning frá því 2014 en þá töldust afhentir hillumetrar vera um 5.



## Söfnun á skjölum kvenna



Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna efndi Landsbókasafn – Háskólabókasafn, Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn á Íslandi til söfnunar á skjölum kvenna. Starfsmenn safnsins notuðu hvert tækifæri til minna á þessa söfnun. Hluti af afhendingum ársins eru sannarlega afhentar af konum og eiga uppruna sinn að rekja til kvenna en erfitt er að segja hvort þau gögn voru afhent vegna þessa átaks eður ei. Í tveimur tilvikum var þó tekið fram að gögnin hafi komið inn vegna þessa átaks.

## Skráningarmál

### Skráning á safnkosti

Héraðsskjalasafnið hefur tekið upp nýtt skráningarkerfi sem nefnist Atom. Skráningarkerfi þetta er þróað og hannað af Artefactual og byggir á stöðlum Alþjóða skjalaráðsins. Kerfi þetta er víða notað, meðal annars er það notað sem vefgátt fyrir kanadísk skjalasöfn og til að halda utan um skjalasafn UNESCO (sjá <http://atom.archives.unesco.org/>). Hér á Íslandi hefur, auk Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Landsbókasafn-Háskólabókasafn notað kerfið til að halda utan um einkaskjalasöfn. Kerfið er veflægt og miðlægt og gefur kost á að miðla upplýsingunum í gegnum aðrar vefgáttir með auðveldum hætti. Hér er tekið stórt skref í að skrá eftir viðkenndum skráningarstöðum (ISAD(G)) ásamt því að gera skrár okkar aðgengilegar á netinu. Við höfum ekki enn auglýst mikið síðuna okkar vegna

Þess að enn er verið að þýða síðuna yfir á íslensku en við tókum þátt í þeirri vinnu með Landsbókasafninu.

Árið 2015 voru 35 söfn skráð inn í skráningarkerfið. Meirihlutinn var einkaskjalasöfn eða 33 söfn en tvö söfn voru hreppagögn.



Gífurleg vinna liggur fyrir hjá Héraðsskjalasafninu að skrá gögn í kerfið, bæði eldri skráningar og það sem telst óskráð hjá safninu. **Alla eldri skráningu þarf að yfirfara og uppfæra í samræmi við alþjóðlega skráningar staðlana.** Einnig eru eldri umbúðir óviðunandi, þ.e. ekki sýrufríar umbúðir og þarf því að umpakka gögnunum í leiðinni.

<b>Staða skráningar</b>			
	<b>opinber skjalasöfn (hm)</b>	<b>einkaskjalasöfn (hm)</b>	<b>Samtals</b>
Skráð	97,5	118,5	<b>216</b>
Forskráð	40,8	61,3	<b>102,1</b>
Óskráð	34,25	65,5	<b>99,75</b>
<b>Samtals</b>	<b>172,55</b>	<b>245,3</b>	<b>417,85</b>

Erfitt er oft að áætla hillumetra óskráðra gagna því þau eru í alls kyns umbúðum. Er því um ágiskun að ræða út frá því hilluplássi sem þau taka í dag. Hin svokölluðu „forskráðu“ gögn eru gögn sem voru sett í öskjur ásamt upplýsingum (oftast) um afhendingu en engin frekari skráning farið fram. Í allt of mörgum tilvikum vitum við ekki uppruna eða feril gagnanna en kröfur og aðferðafræði skráningar hafa breyst í gegnum tíðina. Reyndar búum við að því að allir fyrrum héraðsskjalaverðir safnsins eru eldsprækir og því oft hægt að leita til þeirra um frekari upplýsingar.

Safnið hefur í flestum tilvikum ekki tekið við rafrænum gögnum nema sem afriti af öðrum gögnum, til dæmis viðtöl sem við eigum á spólum en eigum einnig til stafrænt afrit af viðtölunum.



## Samstarfsverkefni, fræðsla og heimsóknir



### Ljósmyndaverkefnið

Árið 2015 unnu sem fyrr þrír starfsmenn við skráningu ljósmynda vegna samstarfsverkefnis milli Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Austfirðinga en verkefni þetta hefur frá 2011 fengið myndarlegan styrk frá ríkinu. Þeir sem sinntu þessari skráningu voru þau Sigurdríf Jónatansdóttir, Ingunn Ásta Jónsdóttir og Rökkvi Sigurlaugsson. Stærstur hluti ljósmyndasafnsins hefur nú verið skannaður og skráður. Við höfum enn ekki birt öll myndasöfnin og fyrir því eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi höfum við ekki verið nógu ánægð með leitarmöguleikana í kerfinu sem við notum og satt best að segja er það nokkuð kostnaðarsamt miðað við þá þjónustu sem við fáum. Því höfum við verið að gera tilraunir með að setja ljósmyndirnar inn í nýja skráningarkerfið, atom, en það væri mikið hagræði í því að þurfa ekki að skipta upp söfnum sem við fáum afhent, þ.e. í skjöl annars vegar og ljósmyndir hins vegar. Nýja kerfið gefur einnig möguleikann á að tengja gögnin við vefgáttir eins og leitir.is og europeana.eu. Í öðru lagi verðum við að gæta vel að því hvað við setjum á netið og vita hvaða kvaðir fylgja því.

Mikið hefur áunnist á þessum fjórum árum frá því að verkefnið hófst. Búið er að skanna um 90.000 myndir. Um 60.000-70.000 hefur verið skráður þó sú skráning sé mismikil. Með tímanum mun þekking okkar á myndefninu aukast sem gerir okkur kleift að dýpka skráninguna auk þess sem betri aðgengi almennings mun vonandi einnig færa okkur frekari vitneskju um myndirnar. Þó þessu verkefni sé nú lokið þá heldur vinnan áfram, bæði skráningin og svo auðvitað að taka á móti nýjum myndasöfnum.

### Úr tímans ranni

Héraðsskjalasafnið í samstarfi við Kára Gunnarsson fékk styrk frá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga fyrir verkefnið „Úr tímans ranni“. Hugmyndin er að taka viðtöl við eldri borgara á svæðinu. Að þessu sinni var lögð áhersla á að safna frásögnum um veiði í og við Drangey.

### Héraðsskjalaverðir funda

Einu sinni á ári hittast starfsmenn héraðsskjalasafna til skrafs og ráðagerðar. Að þessu sinni var haldið til Húsavíkur (1.-2. október). Þar fengum við höfðinglegar móttökur í Safnahúsinu á Húsavík. Utan þessa árlega fundar reyna héraðsskjalaverðir að funda eftir því sem þurfa þykir og þá í gegnum fjarfundabúnað, skype eða síma. Einu sinni á ári hitta svo héraðsskjalaverðir Þjóðskjalavörð. Þetta árið var fundurinn haldinn 16. apríl í Reykjavík.

Héraðsskjalaverðir á Norðurlandi vestra hafa tekið upp þann háttinn að hittast reglulega. Í þessum hittingi eru hin ýmsu málefni tækluð. Þessir fundir hafa reynst afar uppörvandi og mun örugglega hafa í för með sér frekara samstarf milli safna.



## Minjasafnið á Akureyri heimsótt

Þann 22. janúar brá starfsfólk héraðsskjalasafnsins, þar með talið skráningargengið í ljósmyndasafninu og einn fulltrúi byggðasafnsins, undir sig betri fætinum og hélt til Akureyrar að heimsækja kollega okkar á Minjasafninu. Þar er mikil þekking á ljósmyndum, skráningu og skönnun þeirra sem ferðalangar reyndu eftir bestu getu að nýta sér. Einnig voru rædd varðveislumál og öryggismál á söfnum. Afar fróðleg og góð ferð.

## Geymsluskoðunarferðir

Héraðsskjalavörður hefur skoðað geymslur hjá ýmsum aðilum þegar hann er á ferðinni. Þar á meðal eru nýlegar skjalageymslur Héraðsskjalasafns Kópavogs og nýtt varðveisluhús á Árbæjarsafnssvæðinu. Vonandi fá söfnin góðar geymslur hér í Skagafirði því það er til lítils að safna að sér skjölum og gripum ef við getum svo ekki tryggt varðveislu þeirra til framtíðar.



## Námskeið um varðveislu og forvörslu ljósmynda

Tveir starfsmenn skjalasafnsins sóttu námskeið um forvörslu og varðveislu ljósmynda sem Þjóðminjasafn Íslands stóð fyrir dagana 14.-15. október. Mjög fræðandi námskeið og vakti okkur til umhugsunar um þau varðveisluskilyrði sem við geymum okkar ljósmyndir við. Er ljóst að hér er verk að vinna ef við viljum að þessar ljósmyndir verði komandi kynslóðum aðgengilegar.